Morgunblaðið

# Minning Jóns Sigurðssonar bónda að Skutulsey

27. maí 1939

Jón Sigurðsson bóndi að Skut-
ulsey var fæddur að Öræfum
Hraunhreppi á Mýrum, hinn 26.
núar 1869. Ólst hann upp hjá
reldrum sínum, Sigurði hrepp-
jóra Benediktssyni og Svein-
örgu Halldórsdóttur að Ökrum.
þrítugsaldri tók hann við búi
óður sinnar og að henni látinni,
föður sinn hafði hann ist
kkrum árum áður.

Að Ökrum bjó Jón sál. þar til
fyrir tíu árum, að hann fluttist
Skutulsey á Mýrum og bjó
nn þar síðan.

Jón sál. Sigurðsson hafði um
örg ár verið góðkunningi okkar
óna og margra annara hjer í bæ;
nn heimsótti okkur á ári hverju
nú síðast um síðastliðin áramót.
n var hinn mesti geðspektarmað-
, og mátti eigi vamm sitt vita í
inu. Hann var glaðsinna og góð-
enni hið mesta, ávalt fremur veit-
ndi en þiggjandi, enda hafði hann
l þess öll þau skilyrði, er til
ess þurfti, að vera það, því ann
r svo vel efnum búinn, að geta
mið fram þeim einlæga og óeig-
gjarna vilja sínum, að gefa öðr-
n mönnum og gleðja þá. Sökum
nisssa þeirra erfiðleika, er að
lum þeim steðja nú, sem enn eru
reyna að halda fornri og æfa-
malli trygð við búskap í sveit,
un hagur hans þó hafa verið
rinn að þrengjast hin síðari árin,
hann ljet það þó eigi á sjá, því
nn var hverjum manni áreiðan-
gri og skilvísari í viðskiftum.
oforð hans öll, þótt óskráð væri,
óðu ávalt sem stafur á bók. Jón
r alla tíð ókvæntur maður, en
afði ávalt góðri bústýru á að
ipa; uppeldisbörn sín, að



tölu, mannaði hann vel og reyndist þeim sem besti faðir, enda var hann barngóður mjög, blíðlyndur og nærgætinn við menn og málleysingja, trúhneigður maður og söngelskur mjög, fróður um margt og fylgdist vel með í öllu, einkum góðum og sígildum bókmentum, eldri sem yngri. Annað vildi hann ekki lesa. Það var hverjum manni til ánægju og yndisbóta, að kynnast ni Sigurðssyni og eiga tal við hann; heim að sækja var hann hinn örlátasti og besti maður, sem á varð kosið.

Blessuð sje minning þessa megingóða vinar og sæmdarmanns.

Reykjavík, 22. maí 1939.

**Jón Pálsson.**